



**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 7474. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 30. október 2012
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Sigurjón Bjarnason Formaður, Bjarni Vigfússon Nefndarmaður, Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Sturla Fjeldsted Varamaður og Svanur Tómasson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Smári Björnsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

- 1. 1210009 - Hellisbraut 7 - Jófríður Magnúsdóttir óskar eftir breyttri stærð lóðar.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

- 2. 1209001 - Grundarbraut 16, umsókn um stækkun á lóð.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir að lóðarhafi við Grundarbraut 16 verði boðið stækkun á lóð sem nemur 3 m, en einungis sem nemur stærð húss, stækkun þessi dugar fyrir einn bíl og verði lóðarhafi að ganga frá þeirri stækkun í samræmi við óskir byggingarfulltrúa og fyrir ákveðin tímamörk.

- 3. 1205008 - Skólabraut 10, sótt er um stækkun á lóðinni. Fyrir liggja lóðaruppdráttir af svæðinu.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir að veita lóðarhöfum við Skólabraut 10, 4m stækkun á lóð til vesturs.

- 4. 1002008 - Smiðjugata 6 og Melnes 7 tillaga að aðkomu að lóðum.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar byggingarfulltrúa falið að vinna áfram í málinu.

- 5. 1210010 - Ólafsbraut 82, Rarik. Í skoðun breytt lóðarstærð fyrir lóðina.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir að lóðarstærð fyrir Ólafsbraut 82 verði í samræmi við áður samþykkt deiliskipulag.

- 6. 1204004 - Hótel Búðir, fyrirspurn um breytingu á skipulagi vegna stækkunar á hóteli.**

Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar tekur jákvætt í málið og heimilar að gerð verði tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið.

7. **1209002 - Ósk um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar Hellnar í samræmi við áður samþykkt deiliskipulag fyrir fristundarlóð í landi Gíslabæjar.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu meðan frekari gagna er aflað.
8. **1107002 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar, Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.
9. **1203005 - Deiliskipulag fyrir Nes, land úr Bárðarbúð. Skipulagið hefur verið auglýst og engar athugasemdir bárust.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.
10. **1209011 - Gröf Breiðuvík. Sótt er um leyfi til að virkja Grafará, að setja upp allt að 40 kw virkjun.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir að málið verði sett í skipulagsferill.
11. **1210001 - Engihlíð 8_ Sótt er um leyfi fyrir útlitsbreytingar á eigninni.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.
12. **1210005 - Keflavíkurgata 9. Umsókn um breytingu á glugga og smíði á verönd.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.
13. **1210006 - Klifbraut Rarik. Umsókn um nýtt spennistöðvarhús á lóð þeirra við Klifbraut.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.
14. **1210011 - Sölvaslóð 1. - Kæra v.ákvörðunar um að fjarlægja gám.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar var kynnt málið og byggingarfulltrúa falið að senda ÚUA þær upplýsingar sem óskað er eftir.
15. **1210007 - Rauðskriðumelur - 137786 Byggingarframkvæmdir í óleyfi.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar var kynnt málið og honum falið að fylgja því eftir að gögnum verði skilað.
16. **1210012 - Sölvaslóð 1_dagsektir á gám sem er á lóð án stöðuleyfis.**
Umhverfis-og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.


UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

17. 1205006 - Önnur mál Umhverfisnefndar Snæfellsbæjar.

Skólabraut 9 Hellissandur, málið var kynnt dagsektir eru í lögfræði innheimtu.

Grundarbraut 1 Ólafsvík, málið var kynnt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:26.

Björn Þórðarson
Bjarni Viðfúus

Bjarni Viðfúus
Sæmu Þóresson
Sæmu Þóresson